



Borgarráð

Samstarfssamningur um starfrækslu stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík, í húsnæði Fjölbrautarskólans í Breiðholti.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samstarfssamning um rekstur Fab Lab Reykjavíkur milli Reykjavíkurborgar, Fjölbrautarskólans í Breiðholti og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Samningurinn er tímabundinn til þriggja ára. Áætluð kostnaðarþátttaka Reykjavíkurborgar m.v. samningstíma er kr. 25.500.000 eða kr. 7.500.000 á ári í þrjú ár auk viðbótar stofnframlags vegna tækjakaupa og sértæks búnaðar, að upphæð kr. 3.000.000.

Samningsaðilar hafa í sameiningu staðið að starfrækslu Fab Lab Reykjavíkur samkvæmt samningnum sem undirritaðir voru þann 19. júlí 2013 og 23. mars 2017. Markmið þessa samstarfsverkefnis er að auka þekkingu skólafólks og almennings á stafrænum framleiðsluaðferðum sem koma til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið einstaklinga. Verkefninu er ætlað að auka áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, auka almennt tæknilæsi og tæknivitund og efla hæfni til nýsköpunar í námi og atvinnulífi. Samstarfið um Fab Lab Reykjavík hefur gengið vel í alla staði og árangur starfseminnar verið í fullu samræmi við væntingar. Samstarfssamningurinn frá 2017 er útrunninn en eindreginn vilji er til áframhaldandi samstarfs um verkefnið.

Verkstæðið hefur nú verið flutt úr upphaflegu húsnæði í Eddufelli 2 í sérútbúið rými í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Við það hafa aðstæður breyst nokkuð og hlutverk samningsaðila orðin önnur en gert var ráð fyrir í upphaflegu samkomulagi. Því er nauðsynlegt að gera nýjan samning um starfrækslu Fab Lab Reykjavíkur. Samkvæmt samningnum mun Reykjavíkurborg taka þátt í að reka Fab Lab smiðjuna með því að greiða laun eins starfsmanns Fab Lab Reykjavíkur, sem verður á launaskrá þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Framlagið nemur kr. 7.500.000 á ári í þrjú ár, fyrir árin 2018-2020. Reykjavíkurborg greiðir auk þess í upphafi samningstímans viðbótar stofnframlag vegna tækjakaupa og sértæks búnaðar, að upphæð kr. 3.000.000 enda verði þau tæki og búnaður eign borgarinnar að samningstíma liðnum. Nýsköpunarmiðstöð mun að sama skapi taka þátt í rekstri Fab Lab Reykjavíkur með því að greiða kostnað vegna aðkomu sérfræðings eða sérfræðinga að rekstrinum. Framlagið nemur kr. 7.500.000 á ári í þrjú ár, fyrir árin 2018-2020. Fjölbrautarskólinn í Breiðholti greiðir laun verkefnastjóra Fab Lab Reykjavíkur sem heyrir undir skólameistara. Auk þess leggur Fjölbrautarskólinn til fullbúið húsnæði fyrir starfsemi Fab Lab Reykjavíkur og greiðir fyrir rekstur húsnæðisins ásamt því að hafa umsjón með viðhaldi véla og tækja.

Greiðsla Reykjavíkurborgar vegna tækjakaupa og sértæks búnaðar, að upphæð kr. 3.000.000 færist á kostnaðarstað 1104, verkefnanúmer 20700, og rúmast innan gildandi fjárfestingaráætlunar. Kaup á búnaði hefur í för með sér hækkun á innri leigu sem nemur kr. 350.000 sem ekki er gert ráð fyrir í ramma Skóla og frístundasviðs. Launakostnaður starfsmanns Fab Lab smiðjunnar sem verður á launaskrá þjónustumiðstöðvar Breiðholts fer á kostnaðarstað R3400 og verkefnanúmer F3485.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Samstarfssamningur um starfrækslu stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík, í húsnæði Fjölbautarskólans í Breiðholti, Austurbergi 5.